

	I. EES-STOFNANIR	
	1. EES-ráðið	
94/EES/12/01	Ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/94 frá 17. maí 1994 um starfsreglur EES-ráðsins	01
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
94/EES/12/02	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 20/94/COL frá 30. mars 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Finnlands	03
94/EES/12/03	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 31/94/COL frá 29. apríl 1994 um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina	05
94/EES/12/04	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 32/94/COL frá 29. apríl 1994 um viðurkenningu EFTA-ríkja eða héraða vegna Newcastle-veiki í alifuglum	08
	3. EFTA-dómstóllin	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/12/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.450 - AGF/Assubel)	10
94/EES/12/06	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.460 - Holdercim/CEDEST)	11
94/EES/12/07	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum	12
94/EES/12/08	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins	13
94/EES/12/09	Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir	14
94/EES/12/10	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.443 - Voith/Sulzer)	16

3. Dómstóllinn

EES-STORNAÐIR

EES-RÁÐIÐ

Ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/94 frá 17. maí 1994

94/EES/12/01

um starfsreglur EES-ráðsins

EES-RÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 3. mgr. 89. gr.,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Forseti skal kalla EES-ráðið saman tvisvar á ári eins og kveðið er á um í 2. mgr. 91. gr. samningsins.
2. Þá skal forseti kalla saman EES-ráðið, þegar aðstæður krefjast, að eigin frumkvæði eða að ósk einhvers fulltrúa ráðsins, einnig ef einhver fulltrúanna æskir þess að taka upp í ráðinu mál er veldur erfiðleikum eins og kveðið er á um í 2. mgr. 89. gr. samningsins.
3. Þegar einhver fulltrúi EES-ráðsins hefur óskað eftir fundi skal forseti ákveða fundardag, að höfðu samráði við aðra fulltrúa. Ef mjög mikið liggur við skal tafarlaust kallað saman til fundar í ráðinu.

2. gr.

1. Forseti skal semja drög að dagskrá fyrir hvern fund. Fundarboði og dagskrárdrögum skal komið til fulltrúa EES-ráðsins eigi síðar en 20 dögum fyrir upphaf fundar.
2. Í dagskrárdrögum skulu vera þeir liðir, og öll tilheyrandi skjöl, sem forseti hefur fengið ósk um að séu teknir á dagskrá frá fulltrúa EES-ráðsins að minnsta kosti 25 dögum fyrir fundardag.
3. Á dagskrá mega aðeins vera liðir sem skjöl hafa verið send um til fulltrúa EES-ráðsins ekki seinna en daginn sem dagskrárdrögin eru send.
4. Tilskilinn frestur í undanfarandi málsgreinum gildir ekki um fundi sem eru boðaðir samkvæmt síðasta málslíð 3. mgr. 1. gr.

5. EES-ráðið skal samþykka dagskrána í byrjun hvers fundar. Bæta má á dagskrána lið sem var ekki í dagskrárdrögum og bandalagið og aðildarríki þess, annars vegar, og EFTA-ríkin, hins vegar, fallast á það. Liðir tilkomnir í samræmi við 2. mgr. 89. gr. samningsins skulu settir á dagskrá.

3. gr.

1. Fulltrúi EES-ráðsins sem getur ekki sótt fund getur látið annan koma fram fyrir sína hönd. Þá skal hann skýra forseta frá því og nefna þann sem hefur heimild til að koma fram fyrir hans hönd. Staðgengillinn fer með öll réttindi hins viðurkennda fulltrúa.
2. Fulltrúar EES-ráðsins mega hafa embættismenn sér til aðstoðar. Ráðið getur ákveðið fjölda þessara embættismanna.
3. Forseta skal tilkynnt um skipan hvernar sendinefndar fyrir upphaf hvers fundar.
4. Eftirlitsstofnun EFTA skal að jafnaði boðið að taka þátt í fundum EES-ráðsins sem áheyrnarfulltrúi.
5. Fjárfestingarbanki Evrópu hefur rétt til að sækja fundi EES-ráðsins sem áheyrnarfulltrúi þegar málefni sem um getur í 6. gr. bókunar 38 við samninginn eru á dagskrá.
6. Ef fulltrúar ráðsins fara fram á það getur EES-ráðið fallist á að leyfa öðrum aðilum að sitja fundi þess sem áheyrnarfulltrúar.
7. Fundir EES-ráðsins skulu ekki vera opinberir nema tekin sé ákvörðun um annað.

4. gr.

Ákvarðanir EES-ráðsins skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, er skulu mæla einum rómi, hins vegar.

5. gr.

Þegar mikið liggur við, eða ef það er ákveðið í öðrum tilvikum, má taka ákvarðanir í samræmi við 4. gr. með skriflegri afgreiðslu ef allir samningsaðilar eru því samþykkir.

6. gr.

1. Án tafar skal semja drög að fundargerð hvers fundar. Að jafnaði skal tilgreina fyrir hvern lið í fundargerð:

- hvaða skjöl voru lögð fyrir EES-ráðið;
- yfirlýsingar sem fulltrúi ráðsins hefur óskað eftir að séu bókaðar;
- hvaða ákvarðanir voru teknar, yfirlýsingar samþykktar og að hvaða niðurstöðum var komist.

Sérhver fulltrúi ráðsins getur farið fram á það að frekari atriði séu færð í fundargerð varðandi einstaka liði dagskrárinnar.

2. Fundargerðardrögin skulu lögð fyrir EES-ráðið til samþykkis. Samþykkt fundargerð skal undirrituð af starfandi forseta þegar samþykkt fer fram og riturunum tveimur.
3. Ákvarðanir EES-ráðsins skulu láttnar fylgja fundargerðinni í viðauka.
4. Eintök af fundargerðinni skulu send áfram til hvers fulltrúa EES-ráðsins.

7. gr.

Ákvarðanir EES-ráðsins skal samþykkja á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku. Þær eru jafngildar á öllum þessum tungumálum.

8. gr.

Texti ákvarðana EES-ráðsins skal undirritaður af starfandi forseta þegar samþykkt fer fram og riturunum tveimur.

9. gr.

EES-ráðið ákveður hvort ákvarðanir skuli birtar.

10. gr.

1. Allar orðsendingar sem er kveðið á um í þessum starfsreglum skal senda fastanefndum aðildarríkja Evrópubandalagsins og sendinefndum EFTA-ríkjanna hjá Evrópubandalaginu, framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins.

2. Bréf til EES-ráðsins skal stíla á forseta þess.

11. gr.

EES-ráðið getur ákveðið að setja á stofn undirnefndir eða vinnuhópa sér til aðstoðar við verkefni sín. Ráðið skal ákveða í hverju einstöku tilviki skipan, starfshætti eða verkefni slíkrar undirnefndar eða vinnuhóps.

12. gr.

1. Skrifstofuþjónusta fyrir EES-ráðið er á ábyrgð forsetaembættisins.
2. Embættismaður á vegum bandalagsins og embættismaður útnefndur af EFTA-ríkjunum skulu starfa saman sem ritarar EES-ráðsins. Þeir skulu tilnefndir af hvorum aðila að höfðu samráði.

13. gr.

Með fyrirvara um önnur gildandi ákvæði, þá skal EES-ráðið bundið þagnarskyldu varðandi umfjöllunarefni sín, nema þegar ráðið ákveður annað.

14. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. maí 1994

Fyrir hönd EES-ráðsins

Forseti

Th. Pangalos

EFTA-STOFNANIR
 \
 EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA
 nr. 20/94/COL
 frá 30. mars 1994**

94/EES/12/02

**um viðbótarábyrgðir vegna smitandi
 kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Finnlands**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. bókunar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, sem hér á eftir verður vísað til sem gerðarinnar um nautgripi og svín), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finnland telur, eins og greint er frá í bréfi frá 28. desember 1993, að yfirráðasvæði sitt sé laust við smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR).

Finnland hefur lagt upplýsingaskjöl fyrir eftirlitsstofnun EFTA eins og kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Yfirvöld í Finnlandi beita reglum um flutning á nautgripum innanlands sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Finnland hefur tekið að sér að hafa eftirlit með ástandinu með árlegum könnunum og að leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu um rannsóknarniðurstöður varðandi IBR.

Skilgreina ber tiltekna viðbótarábyrgðir til að vernda ástandið í Finnlandi að því er sjúkdóma varðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. Nautgripir frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki sem eru ætlaðir til ræktunar og framleiðslu og á að senda til Finnlands verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1.1 í samræmi við opinberar upplýsingar mega engin klínísk eða meinafræðileg einkenni IBR-sjúkdómsins hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;

1.2 nautgripirnir verða að hafa verið í einangrun síðustu 30 dagana fyrir flutning í húsakynnum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt;

1.3 sermiþróf vegna IBR skal hafa verið gert á sermi nautgripanna að minnsta kosti 21 degi eftir að þeir voru settir í einangrun og skulu niðurstöðurnar vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar;

1.4 nautgripirnir mega ekki hafa verið bólusettil gegn IBR.

2. Nautgripir, ætlaðir til slátrunar sem sendir eru frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki til Finnlands, skulu fluttir beint til slátruhússins þar sem á að slátra þeim.

3. Við heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín skal, að því er varðar nautgripi sem eru sendir til Finnlands, bæta eftirfarandi:

„nautgripir samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 20/94/COL frá 30. mars 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Finnlands.“

4. Finnland skal leggja fram ársskýrslu um eftirlit sitt og rannsóknarniðurstöður varðandi IBR. Þessa skýrslu skal

leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.

5. Skilyrðin sem um getur í 1. til 3. lið gilda ekki um aðflutning nautgripa til Finnlands frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki, eða frá hluta þess, sem samkvæmt 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín hafa fengið samsvarandi viðbótarábyrgðir og þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

6. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

7. Finnland skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun fyrir 1. júlí 1994.

8. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.

9. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 30. mars 1994
Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

stjórnarmaður

Pekka Säilä

ÍSLENSK ÚTGAFA

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA
nr. 31/94/COL
frá 29. apríl 1994**

94/EES/12/03

**um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja
eða -héraða sem eru laus við veikina**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bókarar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finnland telur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 28. desember 1993, að yfirráðasvæði sitt sé laust við Aujeszky-veiki og hefur afhent eftirlitsstofnun EFTA skjöl því til stuðnings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Skilgreina ber tiltekna viðbótarábyrgðir til að vernda stöðu Finnlands að því er sjúkdóma varða.

Yfirvöld í Finnlandi beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Ekki má krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA- og EB-ríkjum eða héruðum þeirra ef þau teljast laus við Aujeszky-veiki.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. Svín sem eru ætluð til ræktunar og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra þar sem bólusetning gegn Aujeszky-veiki er ekki leyfð og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 1.1 Aujeszky-veiki verður að vera tilkynningarskyld í EFTA-ríkinu og EB-aðildarríkinu sem þau eru upprunnin í;
- 1.2 engin klínísk, meinafræðileg eða sermifræðileg einkenni Aujeszky-veiki mega hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;
- 1.3 hafi upprunahjörðin verið bólusettt gegn Aujeszky-veikinni má aðeins hafa verið notað g1-eytt bóluefni næstliðna tólf mánuði;
- 1.4 svínin verða að hafa verið í einangrun í húsakynnum sem lögbæra yfirvaldið hefur viðurkennt þannig að þau hafa hvorki komist beint eða óbeint í snertingu við önnur svín í að minnsta kosti 30 daga fyrir flutning;
- 1.5 svínin mega ekki hafa verið bólusettt;
- 1.6 Elisa-próf skal hafa verið gert á sermi svínanna í þeim tilgangi að leita að g1-mótefni, í samræmi við II. viðauka þessarar ákvörðunar, sem tekið er úr þeim að minnsta kosti 21 degi eftir að þau voru sett í einangrun og skulu niðurstöður prófsins vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar samkvæmt þessu prófi. Þegar um er að ræða svín eldri en fjögurra mánaða skal nota heil-vírus Elisa-próf;
- 1.7 svínin skulu hafa verið í upprunahjörðinni frá goti eða í hjörðinni sem á að senda í þrjá mánuði og frá goti í öðrum hjörðum með sambærilega viðurkenningu;
- 1.8 svínin mega ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 1.1 til 1.7 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins.

2. Svín sem eru ætluð til framleiðslu og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra þar sem bólusetning gegn Aujeszky-veiki er ekki leyfð og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 2.1 Aujeszky-veiki verður að vera tilkynningarskyld í EFTA-ríkinu og EB-aðildarríkinu sem þau eru upprunnin í;
- 2.2 engin klínísk, meinafræðileg eða sermifræðileg einkenni Aujeszky-veiki mega hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;

- 2.3 svínin mega ekki hafa verið bóluset;
- 2.4 engin próf eru nauðsynleg fyrir flutning ef upprunahjörðin er hluti af opinberri eftirlitsáætlun þar sem að minnsta kosti 15% dýranna sem ætluð eru til ræktunar (eða 25 dýr ef sú tala er hærrí) eru prófuð árlega. Þess háttar prófi skal skipta í að minnsta kosti tveggja ára stóra hluta með að minnsta kosti tveggja ára hluta; aðeins má flytja til slíkra hjörða frá hjörðum með sambærilega eða betri viðurkenningu og engin klínísk tilfelli Aujeszky-veiki skulu hafa greinst innan tveggja kílómetra frá upprunahjörðinni næstlíðna 60 daga;
- 2.5 ef upprunahjörðin er ekki hluti af slíkri eftirlitsáætlun verður að einangra svínin fyrir flutning og taka úrtak í samræmi við III. viðauka innan tíu daga fyrir flutning og gera á því próf í samræmi við II. viðauka. Öll dýrin sem eru prófuð verða að standast prófið;
- 2.6 svínin skulu hafa verið í upprunahjörðinni frá goti eða í upprunahjörðinni í þrjú mánuði og frá goti í öðrum hjörðum með sambærilega viðurkenningu;
- 2.7 svínin mega ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 2.1 til 2.6 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins.
3. Dýrin sem um getur í 2. lið skulu flutt beint til viðtökubýlisins og vera þar fram að slátrun nema lögbæra yfirvaldið í EFTA-viðtökuríkinu heimili annað. Lögbæra yfirvaldið í EFTA-viðtökuríkinu getur krafist þess að svínin séu færð beint til slátrunar.
4. Svín sem ætluð eru til slátrunar og koma frá öðrum EFTA-ríkjum eða EB-aðildarríkjum eða héruðum þeirra og senda á til EFTA-ríkja eða héraða þeirra og talin eru upp í I. viðauka verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:
- 4.1 svínin skulu flutt beint til viðtökuslátruhússins;
- 4.2 hafi svínin verið bóluset má aðeins hafa verið notað gl-eytt bóluefni;
- 4.3 engin klínísk, meinafræðileg eða sermifræðileg einkenni Aujeszky-veiki mega hafa greinst í upprunahjörðinni næstlíðna þrjú mánuði;
- 4.4 svínin skulu hafa verið í upprunahjörðinni næstlíðna 60 daga eða frá goti;
- 4.5 Aujeszky-veiki verður að vera tilkynningarskyld í EFTA-ríkinu og EB-aðildarríkinu sem þau eru upprunnin í;
- 4.6 svínin mega ekki hafa komist í snertingu við svín sem uppfylla ekki skilyrðin í liðum 4.1 til 4.5 meðan á flutningi stendur frá upprunastaðnum til viðtökubýlisins;
5. Við heilbrigðisvottorðið, sem um getur í fyrirmynd III í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín, skal fyrir svín sem senda á til EFTA-ríkis eða héraðs þess, sem talið er upp í I. viðauka, og koma frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héruðum þeirra, bæta eftirfarandi:
- „svín í samræmi við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 31/94/COL frá 29. apríl 1994 að því er varðar Aujeszky-veiki. Þegar um er að ræða svín til ræktunar var notað heil-vírus Elisa-próf/Elisa fyrir gl-eytt mótefni. (Strikið yfir það sem ekki á við)”.
6. Skilyrðin sem um getur í 1. til 5. lið gilda ekki um aðflutning svína til EFTA-ríkis eða héraðs þess sem talin eru upp í I. viðauka frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héraði þess, sem samkvæmt 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín hafa fengið sambærilegar viðbótarábyrgðir og þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
7. EFTA-ríki sem talið er upp í I. viðauka skal leggja fram ársskýrslu um eftirlit sitt og rannsóknarniðurstöður varðandi Aujeszky-veiki. Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.
8. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
9. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
10. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 29. apríl 1994
Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

stjórnarmaður.

Pekka Säilä

I. VIÐAUKI

Héruð sem eru laus við Aujeszky-veiki og leyfa ekki bólusetningu

Finland: öll héruð

II. VIÐAUKI

Aðferðalýsing fyrir ensímmerkta ónæmismælingu (Elisa) til greiningar á mótendum gegn Aujeszky-veikiveirunni glýkópróteini 1 (ADV-g1) í sermi

1. Stofnanirnar sem taldar eru upp í d-lið 2. mgr. skulu meta Elisa g1-próf og búnað á grundvelli viðmiðanna í a-, b- og c-lið í 2. mgr. Lögbæra yfirvaldið í hverju EFTA-ríki skal sjá til þess að einungis búnaður sem uppfyllir þessa staðla sé skráður fyrir Elisa-próf fyrir g1-eytt mótefni. Rannsóknirnar í a- og b-lið 2. mgr. verður að framkvæma áður en prófið er samþykkt og því næst verður að minnsta kosti að framkvæma rannsóknina samkvæmt c-lið 2. liðar á hverri framleiðslulotu.

2. Stöðlun, næmi og sérhæfni prófsins.

a) Prófið skal vera nógu næmt til að eftirfarandi viðmiðunarsermi bandalagsins (*) sýni jákvæða svörun:

Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV1, þynnt 1:8,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 A,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 B,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 C,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 D,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 E,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 F.

b) Prófið skal vera nógu sérhæft til að eftirfarandi viðmiðunarsermi bandalagsins (*) sýni neikvæða svörun:

Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV1-g1 G.,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 H,

Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 J,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 K,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 L,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 M,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 N,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 O,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 P,
Viðmiðunarsermi bandalagsins ADV-g1 Q.

c) Við eftirlit með framleiðslulotum verður EB-viðmiðunarsermi ADV1 að sýna jákvæða svörun við þynningu 1:8 og EB-viðmiðunarsermi ADV-g1 K verður að sýna neikvæða svörun.

d) Stofnanirnar hér á eftir munu auk þess bera ábyrgð á eftirliti með gæðum Elisa-prófsins í hverju EFTA-ríki, einkum að því er varðar framleiðslu og stöðlun innlendra viðmiðunarserma í samræmi við EB-viðmiðunarsermi.

1. Bundesanstalt für Virusseuchenbekämpfung bei Haustieren, Wien, Austria;

2. Eläinlääkintä ja elintarvikelaitos, Helsinki/Anstalten för veterinärmedicin och livsmedel, Helsingfors, Finland;

3. Veterinærinstituttet, Oslo, Norway;

4. Statens veterinärmedicinska anstalt, Uppsala, Sweden.

e) Stofnanirnar í d-lið hér að framan láta í té viðmiðunarsermi bandalagsins.

III. VIÐAUKI

Þýði	Fjöldi í úrtaki
færri en 25	öll
25-100	25
100-	30

(*) eins og mælt er fyrir um í „skýrslu undirnefndar vísindanefndarinnar um dýralækningar varðandi Aujeszky-veikina“, tilvísun nr. VI/2556/92-EN (PVET/EN/1374) sem er fánleg hjá eftirlitsstofnun EFTA.

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA
nr. 32/94/COL
frá 29. apríl 1994**

94/EES/12/04

um viðurkenningu EFTA-ríkja eða héraða vegna Newcastle-veiki í alifuglum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 4. lið I. kafla í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/539/EBE; hér á eftir nefnd alifuglagerðin), einkum 2. mgr. 12. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finnland, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 28. desember 1993 og Svíþjóð, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 14. desember 1993, telja að þau uppfylli kröfurnar í 2. mgr. 12. gr. alifuglagerðarinnar.

Í Finnlandi og Svíþjóð hefur ekkert Newcastle-tilfelli greinst og bólusetning gegn Newcastle-veiki bönnuð í meira en ár.

Í Finnlandi og Svíþjóð hefur farið fram eftirlit með fuglum ætluðum til undaneldis að minnsta kosti einu sinni á ári til að ganga úr skugga um hvort Newcastle-veiki greinist í þeim.

Á bújörðum í Finnlandi og Svíþjóð eru engir alifuglar sem hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofna EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. EFTA-ríki eða héruð þeirra, sem talin eru upp í viðaukanum, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. gerðarinnar sem vísað er til í 4. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum (tilskipun ráðsins 90/539/EBE).
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
3. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 29. apríl 1994
Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

stjórnarmaður

Pekka Säilä

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

VIÐAUKI

Héruð sem uppfylla kröfur 2. mgr. 12. gr. í alifuglagerðinni

Finnland: öll héruð

Svíþjóð: öll héruð

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/12/05

(Mál nr. IV/M.450 - AGF/Assubel)

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem AGF International S.A. (AGF) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Delta Capital S.A. sem sameinar fyrrum starfsemi AGF Belgium, l'Escaut (belgískt dótturfyrirtæki AGF) og Assubel sem er belgískt trygginga- og bankafélag.
2. Það svið efnahagslífsins sem um ræðir varðar trygginga- og bankamál, einkum í Belgíu og Lúxemborg.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB (Stjttíð. EB nr. C 150, 1.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.450 - AGF/Assubel og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/12/06****(Mál nr. IV/M.460 - Holdercim/CEDEST)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Holdercim sem lýtur yferráðum "Holderbank" (Financière Glorus AG (HOFI), sem aftur lýtur yferráðum Thomas Schmidheiny, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yferráð yfir 84,5 % af hlutabréfum í CEDEST (Ciments et Engrais de Dannes et de l'Est) í eigu CGIP (Compagnie Générale d'Industrie et de Participation), með hlutabréfakaupum.
Starfsemi CEDEST sem tekur til tilbúins áburðar og svarforns verður seld CGIP áður en kaupin fara fram og Holdercim heldur eftir þeirri starfsemi sem tekur til byggingarefna (sements, tilbúinnar steinsteypu og korns).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Holdercim: framleiðsla á sementi, steinsteypu, korni og efnafræðilegum aukefnum í sement.
 - CEDEST: byggingarefni (sement, tilbúin steinsteypa og korn), tilbúinn áburður og svarforn.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 151, 2.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.460 - Holdercim/CEDEST og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

(¹) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt
92. og 93. gr. EB-sáttmálans
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

94/EES/12/07

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Grikkland lagði til handa Hellenic Steel vegna skipulagsumbóta samfara skerðingu á vinnuafli (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Þýskaland lagði til handa Brandenburger Elektrostahlwerke GmbH vegna hagræðingar og endurbóta á framleiðslugetu fyrirtækisins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Þýskaland lagði til handa Hennigsdorfer Elektrostahlwerke GmbH vegna hagræðingar og endurbóta á framleiðslugetu fyrirtækisins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Frakkland lagði til í því skyni að auka notkun og öryggi nýrrar tækni (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Frakkland lagði til í því skyni að styðja rannsóknar- og þróunarverkefni sem miða að því að nota þróuð efni í iðntækni (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til í því skyni að auka rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Spáni í flugtækni (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til í því skyni að auka skilning á flatskjár- og skjátækni (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Frakkland lagði til í því skyni að efla rannsóknir fyrirtækja (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska konungsríkið lagði til í því skyni að styðja rannsóknir og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu fyrir árið 1994 á aðstoðaráætluninni sem Frakkland lagði til í því skyni að styðja öll stig rannsóknar og þróunar með aðaláherslu á hagnýtar rannsóknir (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til í því skyni að styðja við fyrirtæki og vísindastofnanir sem taka þátt í EUREKA-áætluninni JESSI (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Þýskaland lagði til vegna stofnsetningar Siemens AG í Dresden á nýju framleiðslu-, rannsóknar- og þróunarverri Dynamic Random Access Memories (DRAMs) (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 145, 28.5.1994).

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem
framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

94/EES/12/08

Kóði	Titill	Birting í Stjórn. EB
COM(94) 134	Tillaga að tilskipun ráðsins um að koma á evrópskum nefndum eða aðferðum í fyrirtækjum sem eru mikilvæg á bandalagsmælikvarða og fyrirtækjahópum sem eru mikilvægir á bandalagsmælikvarða í því skyni að upplýsa starfsmenn og hafa samráð við þá	Stjórn. EB nr. C 135, 18.5.1994
COM(94) 83	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja aðgerðaráætlun 1995-1999 til að berjast gegn krabbameini innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um baráttu gegn krabbameini innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis	Stjórn. EB nr. C 139, 21.5.1994
COM(94) 105	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að breyta tilskipun ráðsins 89/647/EBE að því er varðar viðurkenningu á eftirliti með skuldskeytingarsamningum og samningum um útreikning á nettóstöðu („samningsbundinn útreikningur á nettóstöðu ”)	Stjórn. EB nr. C 142, 25.5.1994
COM(94) 135	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, reglugerð (EBE) nr. 574/72 um tilhögun á framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, reglugerð (EBE) nr. 1247/92 um breytingu á reglugerð (EBE) 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 1945/93 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1247/92	Stjórn. EB nr. C 143, 26.5.1994
COM(94) 124	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um lágmarksþjálfun fyrir störf á sjó	Stjórn. EB nr. C 144, 27.5.1994

Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir

94/EES/12/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26.3.1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0080-D	Tæknileg reglugerð BAPT 223 ZV 8 um viðurkenningu á ISDN-notendabúnaði til að skipta yfir í ISDN-fyrsta stigs fjöl-rásatengingar í EURO-ISDN í fjarskipta-deild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar, atriði varðandi lag 2 til lag 3 í DSSI-samskiptareglum fyrir D-rás	1.7.1994
94-0082-NL	Drög að reglugerð um eftirlitskerfi fyrir margnota plastflöskur	6.7.1994
94-0083-D	Reglugerð BAPT 222 ZV 24 um viðurkenningu á viðtækjum sem notuð eru í þráðlausu ERMES-boðþjónustunni	12.7.1994
94-0084-D	Viðurkenningarforskrift BAPT 225 ZV 1-3-2037 fyrir þráðlausan leiðbeiningar-búnað fyrir ökuskóla til að nota við kennslu í vélhjólakstri	12.7.1994
94-0085-F	Drög að fyrirmælum um einkenni og skilyrði fyrir notkun hjólbarða vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	12.7.1994
94-0086-I	Umburðarbréf nr. 152 - Aðferðir við beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1722 frá 30.6.93 sem birtist í Stjtið. EB nr. 152 frá 1. júlí 1993	16.7.1994
94-0087-UK	Deildarstaðall BD 33-94 „þenslusamskeyti til notkunar á þjóðvegjarbrúarflötum“ (DOT REF: EPP 007-94-EB)	20.7.1994
94-0088-UK	Deildarbréf BA 26-94 „þenslusamskeyti til notkunar á þjóðvegjarbrúarflötum“ (DOT REF: EPP 008-94-EB)	20.7.1994
94-0089-UK	Deildarstaðall BD 41-94 „járnbentir stuðningsveggir úr múrsteini búnir járnbindingu í lóðrétttum holuðum rásum (pocket-type) eða í steypu holrými milli tveggja aðskildra flata (grouted-cavity type). Notkun BS 5628 2. hluti“. (DOT REF: EPP 015-89-EB)	20.7.1994

⁽³⁾ ⁽⁴⁾

⁽¹⁾ Ár - skráningarnúmer - upprunaríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/12/10****(Mál nr. IV/M.443 - Voith/Sulzer)**

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 26.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin J.M. Voith GmbH og Sulzer AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Voith-Sulzer Papiertechnik GmbH með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem myndar félag um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - J.M. Voith GmbH: framleiðsla véla til pappírsgerðar og trjákvöðuvinnslutækni, vatnshverflar, skipsvélar, knúningstækni.
 - Sulzer AG: yfirborðstækni, lyfjatækni, spunavélar, dælur, hverfilvélbúnaður, vökvabúnaður, byggingartækni, umhverfistækni, efnisflæði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB (Stjtið. EB nr. C 151, 2.6.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.443 - Voith/Sulzer, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLENSK ÚTGAFA